

Starfsleyfi

verðbréfafyrirtækis

Fjármálaeftirlitið gjörir kunnugt:

Auður Capital hf.


hefur í dag fengið starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki skv. 5. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Starfsleyfi Auðar Capital hf., kt. 640507-0390 tekur til viðskipta og þjónustu með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti sem felst í eignastýringu skv. tölulið 6 c, fjárfestingarráðgjöf skv. tölulið 6 d og umsjón með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skv. tölulið 6 f í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Auður Capital hf. hefur upplýst Fjármálaeftirlitið að félagið hyggist stunda þá starfsemi á grundvelli 25. gr. laga nr. 161/2002 sem upp er talin í viðauka við starfsleyfi þetta. Viðaukinn telst hluti starfsleyfisins og er félaginu óheimilt að hefja nýja starfsemi án þess að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um slíkt fyrirfram og óska eftir viðtækara starfsleyfi.

Fullnægi leyfishafi ekki lengur þeim skilyrðum sem leyfi þetta er háð fellur það úr gildi.

Reykjavík, 4. apríl 2011


Guðmundur Jónsson


Helga Rut Eysteinsdóttir

*Víðauki við starfsleyfi
Auður Capital hf.*

Auður Capital hf. hefur kunngjört að félagið hyggist stunda eftirtalda starfsemi á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 161/2002:

- d) Eignastýringu
- e) Fjárfestingarráðgjöf
- g) Umsjón með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar og taka verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði


Auður Capital hf. hefur kunngjört að félagið hyggist stunda eftirtalda starfsemi á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 161/2002:

- a) Vörslu og stjórnun í tengslum við einn eða fleiri fjármálagerninga fyrir reikning viðskiptavinar, þ.m.t. vörslu fjármálagerninga og tengdrar þjónustu, svo sem vegna fjármuna eða trygginga.
- b) Veiting lánsheimilda, ábyrgða eða lána til fjárfestis þannig að hann geti átt viðskipti með einn eða fleiri fjármálagerninga ef verðbréfafyrirtæki sem veitir lánsheimildina eða lánið annast viðskiptin.
- c) Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
- d) Þjónusta í tengslum við sölutryggingu
- e) Gjalddeyrishjónusta ef umrædd viðskipti eru liður í fjárfestingarþjónustu.

Víðauki þessi er hluti starfsleyfis Auðar Capital hf. og er félaginu óheimilt að hefja nýja starfsemi án þess að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um slíkt fyrirfram og óska eftir viðtækara starfsleyfi.

Reykjavík, 4. apríl 2011


Guðmundur Jónsson


Helga Rut Eysteinsdóttir